

Fundargerð tuttugasta fundar skráningarráðs Gegnis föstudaginn 4. nóvember 2005

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 15-17.

Fundarmenn: Fanney Sigurgeirsdóttir(fundarritari), Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Nafnmyndaskrá
3. Fréttir af ferð Hildar og Rögnu
4. 856 hópurinn
5. Gæðamál
6. Myndbandaskráning
7. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Nafnmyndaskrá

Verið er að skoða nýja hleðslu nafnmyndaskrár og er enn sitthvað sem þarf að laga. Gögnin sem verið er að vinna með eru síðan í júní og eru þess vegna e.t.v. ekki marktæk að öllu leyti. Því er nauðsynlegt að fá keyrslu með nýjum gögnum. Ráðgert er að Georg Heiming frá Ex Libris í Þýskalandi komi til Íslands í kringum mánaðamótin nóv /des og haldi 1-2 daga námskeið í nafnmyndastjórnun. Þátttakendur í námskeiðinu verða nafnmyndahópurinn, starfsmenn Landskerfis og e.t.v. aðilar úr skráningarráði. Þegar námskeiðið verður haldið munu gögnin verða tilbúin á Laxness (prufugrunnur) en ekki búið að flytja þau á Steinbeck (raunumhverfi).

3. Fréttir af ferð Hildar og Rögnu

Hildur og Ragna fóru í námsferð til Library of Congress í Washington þar sem þær sátu námskeið í nafnmyndastjórnun og kynntust vinnu við nafnmyndastjórnun hjá LC. Eftir ferðina eru þær sannfærðar um að við séum á réttri leið í okkar nafnmyndavinnu. Ný útgáfa af AACR er væntanleg árið 2008.

4. 856 hópurinn

Hópurinn hefur ekki enn komið saman til að bregðast við athugasemdum frá skráningarráði. Byrjað er að skrá samkvæmt tillögunum m.a. í Utanríkisráðuneyti.

5. Gæðamál

Þóra og Sigrún lögðu fram uppkast að reglum um afturköllun skráningarheimilda. Gerðar voru smávægilegar orðalagsbreytingar. Sigrún leggur til að lögfræðingur verði látinn lesa

bréfið yfir áður en það verður sent út. Hugsanlega þarf að setja inn klausu um andmælarétt. Næsta skref verður svo bréf frá ritstjóra bókfræðigrunns Gegnis þar sem þetta fyrirkomulag verður kynnt.

Einnig voru lögð fram drög að bréfi til forstöðumanna safna um ábyrgðarmenn í söfnum. Lagt var til að það verði fyrst sent söfnum sem hafa 3 eða fleiri skrásetjara. Þegar söfnin verða búin að tilnefna sína ábyrgðarmenn er tímabært að senda út bréfið með reglum um afturköllun skráningarheimilda. Hildur tekur að sér að lagfæra orðalag á báðum bréfunum.

Sigrún lagði fram lista yfir skrásetjara í Gegni og benti á að af þeim væru 24 sem ekki væru á póstlistanum Vöndu.

6. Myndbandaskráning

Hulda kynnti skjal sem myndbandahópurinn tók saman. Ekki er einhugur í hópnum um val á höfði, hvort skrá eigi á frummálstitil eða þýddan titil. Skráningarráð hallast að því að skrá alltaf á frummálstitil, nema þegar efni er talsett. Þá skuli líta á það sem þýðingu og því skrá á þýddan titil. Hildur og Anna Jensdóttir eru búnar að lesa skjalið yfir og gera við það athugasemdir sem verða sendar til myndbandahópsins. Hildur telur að mistök hafi verið gerð með því að skrá saman í eina færslu mismunandi form myndefnis, VHS og DVD því oftast sé um mismunandi útgáfu að ræða.

Rætt var um hvar skyldi taka upp ábyrgðararðild á myndefni því oft eru upplýsingar á hulstri á öðru tungumáli en texti eða tal myndar.

Einnig var rætt um hugsanlega nýtt vandamál sem eru „dual discs“ sem eru bæði DVD og CD diskar. Ekki er til neitt form fyrir þá og getur það skapað vandamál í leitum.

Önnur mál:

a) Boðleið fyrir tilkynningar er ekki nógu greið, ekki eru allir á póstlistanum Vöndu og því þarf í mörgum tilvikum að senda tilkynningar á hjalp@landskerfi.is til að þær komist til allra hlutaðeigandi.

b) Ákveðið hefur verið að Fanney, Hildur og Ragna taki að sér skráningarkennslu við H.Í. á vormisseri 2006.

Næsti fundur er boðaður 15. desember 2005 kl. 14.00.

Fanney Sigurgeirsdóttir fundarritari